

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 15. janúar kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 804. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Björn Ingi Edvardsson, Hulda Einarisdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Ólafur Melsted, Hildur Gunnarsdóttir og Birkir Ingibjartsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Skúlagötusvæði, breyting á deiliskipulagi** (01.15) Mál nr. SN210034
Skjalnr. 6212

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, samþykkt 13. maí 1986. Frá samþykkt hafa verið gerðar allnokkrar breytingar en sú nýjasta tók gildi þann 27. apríl 2020. Í breytingunni felst breyting á skipulagsmörkum á austurenda svæðisins, nánar tiltekið deiliskipulagsmörk við Snorrabraut, vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Þar stendur til að færa gatnamót Snorrabrautar ásamt borgarlandi inn í þá skipulagsáætlun, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 14. janúar 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Bárugata 14, Breyta og hækka mæni og útveggi** (11.362.21) Mál nr. BN058038
Skjalnr. 14209

Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrými þannig að fáiast portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppd. Stáss arkitekta ehf. dags. 30. september 2020. Einnig eru lagðir fram eftirfarandi uppd. Stáss arkitekta ehf.; götummynd og útlit húss ódags. og skuggavarp ódags.
Stækkun: 36.3 ferm., 181.9 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. október 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. nóvember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. nóvember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Bárugötu nr. 12, 13, 15 og 16 og Ránargötu 11, 13 og 15.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

3. **Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og þjónusta/verslun - BN052434** (12.412.03) Mál nr. BN057715
Skjalnr. 9198
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innrétta 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttað verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2017 síðast br. 12. október 2020. Lagður fram tölvupóstur Pálmar Kristmundsson dags. 14. desember 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Erindi var grenndarkynnt frá 18. nóvember 2021 til og með 8. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: PK Arkitekta ehf., Pálmar Kristmundsson, dags. 27. nóvember 2020 og 7. janúar 2021 og Sigurður G Guðmundsson f.h. PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. janúar 2021.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017, samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og tillaga að nýju lóðarblaði mótt. 29. september 2020. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020. Stækkun: 208,3 ferm., 604,7 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 1.182,8 ferm., 3.987,7 rúmm. B-rými: 18,8 ferm., 53,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
4. **Blesugróf 30 og 32, breyting á deiliskipulagi** (01.885.3) Mál nr. SN200595
Skjalnr. 13691
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. október 2020 að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf. Í breytingunni felst að breytt er texta í skilmálum varðandi byggingarmagn og þar af leiðandi breytt nýtingarhlutfall. Ástæða breytingarinnar er uppgæfið byggingarmagn í lóðarleigusamningi. Tillagan var auglýst frá 24. nóvember 2020 til og með 7. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Cicero lögmennstofa f.h. Dagbjarts H. Guðmundssonar dags. 12. nóvember 2020, 14. janúar að Blesugróf dags. 6. janúar 2020 og Dagbjartur H. Guðmundsson f.h. Sýrfells ehf. dags. 7. janúar 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Grundargerði 35, (fsp) - Klæðning** (18.131.15) Mál nr. BN058677
Skjalnr. 14389
Hafþór Óskar Gestsson, Grundargerði 35, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að klæða hús með báru úr lituðu áli á lóð nr. 35 við Grundargerði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Hvassaleitisskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.804.1) Mál nr. SN190296
Skjalnr. 8769
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni felst að færa almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta lóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 15. desember 2020. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

7. **Skúlagarðsreitur eystri 1.222.2 -** (01.222.2) Mál nr. SN210033
Laugavegur 159, forsögn vegna breytingu á Skjalnr. 7608
deiliskipulagi
 Lögð fram forsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. janúar 2021 vegna breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits eystri, reitur 1.222.2, vegna lóðarinnar nr. 159 við Laugaveg. Núverandi heimildir og kvaðir á lóðinni fyrir nýbygging kveða á hús á tveimur hæðum, kjallara og risi (2h, k, r). Hámarks byggingarmagn (viðbótarbyggingarmagn) helst óbreytt 650 m². Hámarks NHL er 1,95. Núverandi lóðarstærð er 343 m² skv. Þjóðskrá og þinglýstur eigandi er Reykjavíkurborg. Kvöð um undirgöng (göngustíg) milli inngarðs (Skúlagarðs) og Laugavegar helst óbreytt en heimilt verður að hnika henni til innan lóðar. Á lóðinni eru byggingarlínur við gangstéttarbrún bundnar byggingarlínur. Bílastæðafjöldi innan lóðar verður 0 / núll. Útreikningur á bílastæðum skal reiknast í samræmi við mismunandi íbúðastærðir og skal miða við lágmarksfjölda í nýrri reglugerð Reykjavíkur yfir hjóla- og bílastæði sem tóku gildi í janúar 2019. Ekki er farið fram á að uppbyggingaraðili borgi sig frá bílastæðum.
 Lagt er upp með að koma fyrir fjölbreyttum íbúðastærðum, 2x-3-herberja, 3x-2-herberja og 2x-stúdíóíbúðum. Húsið verður staðsteypt með stílbragði íslenskrar steinsteyptuklassíkur og myndar samfellu við nágrannahús nr. 159A og 161. Gert er ráð fyrir þjónustu eða vinnuaðstöðu (verkstæði) í takmörkuðu mæli á jarðhæð við Laugaveg beggja megin við undirgang með stórum gluggum sem ná inn með undirgangi / passage. Hugað verði að upplifun borgara í undirgangi / passage, t.a.m. með gæða efnisvali, lýsingu og listaverki, svo borgarar upplifi sig örugga og að almenn vellíðan á göngu sé tryggð. 1% af byggingarkostnaði verði tekið nýtt undir listaverk eða frágangi á undirgangi / passage.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
8. **Krókháls 7A, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.321.8) Mál nr. SN210004
 Skjalnr. 14243
 Kjartan Hafsteinn Rafnsson, Álalind 4, 201 Kópavogur
 Vallarbyggð ehf., Haukdælbraut 100, 113 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 4. janúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7A við Krókháls sem felst í stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppdr. dags. 4. janúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. janúar 2021, samþykkt með skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn.
9. **Stekkjarsel 7, Áður gerðar breytingar** (49.241.07) Mál nr. BN058339
 Skjalnr. 14375
 Einar Pétursson-Staalskjöld, Stekkjarsel 7, 109 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. desember 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. desember 2020 þar sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að óútgröfnu rými er breytt í íbúðarrými og geymslu í kjallara og gluggi stækkaður á norðurhlið einbýlishússins á lóð nr.7 við Stekkjarsel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
 Stækkun vegna útgrafins rýmis: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags.15. janúar 2021.

10. **Haukdælabraut 60, Sólstofa og gler á svalir** (51.147.04) Mál nr. BN058630
Skjalnr. 13377
Þorbergur Dagbjartsson, Haukdælabraut 60, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu á hluta suðursvala einbýlishúss á lóð nr. 60 við Haukdælabraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
Stækkun: x.xx ferm, x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
11. **Leiðhamrar 15, Breyting í kjallara - íbúð** (22.928.06) Mál nr. BN058663
Skjalnr. 14397
Guðmundur Þór Jóhannsson, Leiðhamrar 15, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í kjallara sem nú eru óuppfylltir sökklar í einbýlishúsi á lóð nr. 15 við Leiðhamra.
Stækkun: 100,3 ferm., 329,4 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Mörkin 8, Breyting inni og úti. Stækka hús** (14.712.02) Mál nr. BN058519
Skjalnr. 8217
(mhl.03) og bæta við fjórum íbúðum. Sjá stofnerindi BN057105
Fasteignin Möркиn ehf, Mörkinni 8, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. desember 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057105 þannig að byggt er við mhl. 03, komið fyrir 4 íbúðum í viðbyggingu og byggingin öll hækkar um 60 cm í landi, útliti breytt á suðvestur hlið og smávægilegar innri breytingar gerðar í íbúðum í húsi á lóð nr. 8 við Mörkina. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stækkun viðbyggingar eru: 225,9 ferm., 771,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
13. **Hverafold 1-5, 1-3 - LED skilti** (28.742.01) Mál nr. BN058204
Skjalnr. 7943
Húsfélagið Hverafold 1-3, Hverafold 1-3, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta núverandi auglýsingaskilti (2,5 x 7,0 m) í LED skilti við hús nr. 1-3 á lóð nr. 1-5 við Hverafold. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
14. **Laugavegur 50, Viðbygging - breytingar á húsi** (11.731.07) Mál nr. BN058582
Skjalnr. 8232
MÁLSTAÐUR ehf, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu á bakhlið, hækka þak og byggja kvist og svalir á framhlið, innrétta veitingastað í kjallara gamla hússins, vinnustofu listamanns á jarðhæð viðbyggingar og tvær íbúðir á efri hæðum með utanálíggjandi álstiga á húsi á lóð nr. 50 við Laugaveg.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 2. desember 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. janúar 2021. Stækkun: 118,5 ferm., 462,1 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

15. **Skólavörðustígur 36, Þrílyft verslunar- og íbúðarhús** (11.814.02) Mál nr. BN058674
Skjalnr. 13766
JB ferðir ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða staðsteypt hús með verslunarrými á jarðhæð og einni íbúð á annarri og þriðju hæð, á lóð nr. 36 við Skólavörðustíg.
Erindi fylgir greinagerð aðalhönnuðar, ódags. Stærð húss er: A rými: 275,6 ferm., 844,2 rúmm. B rými : 22,6 ferm., 33,8 rúmm. Samtals: 298,2 ferm., 878,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Úthlíð 15, (fsp) - Stækkun þakglugga** (12.701.14) Mál nr. BN058678
Skjalnr. 14395
Steindór Gunnar Steindórsson, Úthlíð 15, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að stækka þakglugga sem opnast og verður að svölum á húsið á lóð nr. 15 við Úthlíð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Tryggvagata 19, Veitingasala Kolaportinu - Fl.2 - Teg.E** (11.183.01) Mál nr. BN058680
Skjalnr. 8996
Fjallakór ehf., Grensásvegi 3, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, tegund E fyrir 220 gesti ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á básaskipan í Kolaportinu í húsi á lóð nr. 19 við Tryggvagötu.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Fossháls 13-15, (fsp) fiskvinnsla** (04.304.5) Mál nr. SN210008
Skjalnr. 11276
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 5. janúar 2021 um að reka litla fiskvinnslu í húsinu á lóð nr. 13-15 við Fossháls, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 4. janúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Lækjargata 1, breyting á lóðarmörkum** (01.17) Mál nr. SN210026
Skjalnr. 14355
Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 12. janúar 2021 ásamt bréfi dags. 12. janúar 2021 um breytingu á lóðarmörkum lóðarinnar nr. 1 við Lækjargötu. Einnig er lagt fram umboð Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 14. október 2020.
Vísá til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020, áður en lóðarbreytingin er þinglýst.

20. **Lækjargata 5 Menntaskólinn,** (11.800.01) Mál nr. BN057858
Reiðhjólaskýli - til bráðabirgða Skjalnr. 9679
Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. desember 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja upp til bráðabirgða reiðhjólaskýli fyrir xx reiðhjól á lóð Menntaskólans í Reykjavík, nr. 5 við Lækjargötu og nr. 2B við Amtmannsstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
21. **Sundagarðar 10, Sótt er um leyfi til að** (13.354.03) Mál nr. BN058658
byggja við núverandi húsnæði Skjalnr. 5675
Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við skrifstofu- og vöruhús til austur og breyta innra skipulagi í húsinu á lóð nr. 10 við Sundagarða.
Stækkun hús er: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr.11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Framnesvegur 56A, Byggja kvisti á þak og** (11.381.08) Mál nr. BN058656
þaklugga Skjalnr. 14396
Gunnar Sigurðsson, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi rishæðar, bæta við þremur kvistum á norðurþekju og tveimur kvistum, einum þaklugga og svölum á suðurþekju íbúðarhúss á lóð nr. 56A við Framnesveg.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.138.1 endurútgefið 1. nóvember 2011, hæðablað dags í október 2004 og yfirlit breytinga á minnkuðu afriti innlagðra teikninga. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Lautarvegur 20, Tvíbýli** (17.945.02) Mál nr. BN058610
Skjalnr. 13837
Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og innbyggðum bílskýlum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 20 við Lautarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
Stærð, A-rými: 353,1 ferm., 1.188,6 rúmm. B-rými: 84,3 ferm., 267,6 rúmm. Samtals: 437,4 ferm., 1.456,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags.15. janúar 2021.

24. **Lautarvegur 22, Tvíbýli** (17.945.03) Mál nr. BN058609
Skjalnr. 14392
- Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og innbyggðum bílskýlum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 22 við Lautarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
- Stærð, A-rými: 352,3 ferm., 1.186,2 rúmm. B-rými: 84,3 ferm., 267,6 rúmm. Samtals: 436,6 ferm., 1.456,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.*
25. **Lautarvegur 26, Tvíbýli** (17.945.05) Mál nr. BN058611
Skjalnr. 14393
- Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og innbyggðum bílskýlum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 26 við Lautarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.
- Stærð, A-rými: 352,7 ferm., 1.187,4 rúmm. B-rými: 84,3 ferm., 267,6 rúmm. Samtals: 436,6 ferm., 1.456,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021.*
26. **Sogavegur 3, Breyting á innra skipulagi og í fiskvinnslu** (18.10-.98) Mál nr. BN058639
Skjalnr. 9759
- Fiskikóngurinn ehf., Stórkri 6, 210 Garðabær
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun úr verslun með fisk í fiskvinnslu, með sölu á fisk, auk þess sem innra skipulagi er breytt og gerð gönguhurð við hlið vöruhúðar á vesturhlið húss nr. 3 við Sogaveg.
- Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði dags. 4. janúar 2021. Gjald kr. 11.200
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
27. **Völvufell 7A, breyting á deiliskipulagi** (06.832) Mál nr. SN200737
Skjalnr. 13855
- Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram nýju umsókn Halls Kristmundssonar dags. 26. nóvember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholt 3, Fell vegna lóðarinnar nr. 7A við Völvufell. Í breytingunni felst breyting á notkun hússins úr skóladagheimili í vistheimili fyrir ungmenni ásamt færslu á lóðarmörkum til suður þannig að lóð minnkar um 500 m², samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 7. febrúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. desember 2020 til og með 6. janúar 2021. Engar athugasemdir bárust.
- Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

28. **Langholtsvegur 170, (fsp) breyting á þaki hússins** (01.441.3) Mál nr. SN210021
Skjalnr. 14345
Guðrún Júlía Þórðardóttir, Langholtsvegur 170, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Júlíu Þórðardóttur dags. 8. janúar 2021 um breytingu á þaki hússins á lóð nr. 170 við Langholtsveg, samkvæmt uppdr. GÁ-hönnunar dags. 8. janúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Smiðshöfði 21, staðsetning ökutækjaleigu** (04.061.4) Mál nr. SN210030
Skjalnr. 14233
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 12. nóvember 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Þorvarðar I. Þorbjörnssonar f.h. Boreal ehf. um að reka ökutækjaleigu að Smiðshöfða 21. Sótt er um leyfi fyrir 1 ökutæki til útleigu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Rökkvatjörn 2, breyting á deiliskipulagi** (05.052.5) Mál nr. SN200532
Skjalnr. 14215
Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 31. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 2 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að í stað einnar byggingar koma 3 punkthús með allt að 52 íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkþing/nordic ehf. 14. október 2020. Tillagan var auglýst frá 24. nóvember 2020 til og með 7. janúar 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
31. **Rökkvatjörn 5-11, breyting á deiliskipulagi** (05.051.4) Mál nr. SN200672
Skjalnr. 14361
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 5-11 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir fjórar raðhúsaeyningar sem í gildandi deiliskipulagi er 34,60 m x 10 m er breytt þannig að hann verður 34,60 m x 11,60 m, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 22. október 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 8. desember 2020 til og með 8. janúar 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:28.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir